

## Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um læknanám og læknskort.

Frá Berglindi Hörpu Svavarsdóttur.

- Er viðvarandi læknskortur hér á landi að mati ráðherra og hver verður þróunin næstu árin miðað við núverandi fjölda læknanema á Íslandi?
- Hyggst ráðherra beina því til kennslusjúkrahúsa að þau stuðli að því að Íslendingum sem stunda læknisfræði við erlenda háskóla standi til boða að taka verknámið hérlandis?
- Hver er kostnaður ríkisins við að mennta hvern læknanema við Háskóla Íslands?
- Hvað kostar læknanám erlendis til samanburðar við læknanám hérlandis og hvað skulda læknanemar lánastofnunum mikið fé að jafnaði við útskrift?
- Kemur til greina að hafa einhvers konar hvata til að fá íslenska læknanema erlendis til að koma að loknu námi hingað til lands til starfa, t.d. niðurfellingu hluta námslána?
- Hyggst ráðherra grípa til annarra aðgerða til að tryggja að íslenskir læknanemar erlendis skili sér heim að loknu námi?
- Hefur ráðuneytið metið áhrif þess á íslenskt heilbrigðiskerfi ef íslenskir læknanemar sem stunda nám sitt erlendis og borga alfarið sitt nám að fullu skiluðu sér ekki hingað til lands að loknu námi?

Skriflegt svar óskast.